

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Oddeyrartangi - bann við lagningu ökutækja og umferðarstýring.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd bæjarins:

Á tímabilinu 1. maí – 25. september 2023 verður bannað að leggja ökutækjum við vesturkant Kaldbaksgötu milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hins vegar.

Þá verður heimiluð umferðarstýring í Strandgötu austan Hjalteyrargötu á sama tímabili og verður hún í gildi við komur skemmtiferðaskipa, í 1-2 klst. í senn.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarbæjar, 29. apríl 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2023